

Ed.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1948.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Atvinnusveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn rekur eða stundar eða hefur rekið eða stundað atvinnu, án þess að eiga þar lögheimili.

Dvalarsveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem aðili kann að verða eða hefur orðið útsvarsskyldur vegna dvalar, án þess að hann eigi þar lögheimili.

Gjaldár: Það ár, er niðurjöfnun útsvara fer fram.

Gjaldársútsvar: Útsvar, þar sem miðað er við gjaldstofn sama árs og útsvarið er á lagt.

Heimilissveit: Hrepp eða kaupstað, þar sem gjaldþegn á lögheimili.

Niðurjöfnunarnefnd: Niðurjöfnunarnefnd í kaupstöðum og hreppsnefnd í sveitum, nema sérstaklega sé öðruvísi um mælt.

Ráðherra: Þann ráðherra, sem útsvarsmál heyra undir.

Skattanefnd: Bæði skattanefnd og skattstjóra, eftir því sem við á.

Sveit: Bæði hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn: Bæði hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Útsvarsár: Árið næst á undan niðurjöfnun.

2. gr.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið.

Fyrir lok nóvenbermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn gera áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélags næsta reikningsár. Ræða skal áætlun kaupstaðar á tveim fundum, með a. m. k. viku millibili, en í hreppum á einum fundi, nema hreppsnefnd ákveði annað. Við síðari umræðu ber að athuga áætlunina lið fyrir lið, og greiða skal atkvæði um hverja grein fyrir sig og áætlunina í heild sinni. Áætlun skal vera til sýnis almenningi 2 vikur í desembermánuði á hentugum stað, er sveitarstjórn ákveður.

Áætlunin gildir síðan um fjárstjórn sveitarstjórnar á reikningsárinu.

3. gr.

Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitarfélags hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5%—10%, og heitir það útsvör. Þau mega ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitarfélaginu 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en ráðherra bæjarstjórnnum.

Nú þykir sveitarstjórn sýnt á gjaldárinu, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, og getur þá sveitarstjórn, að fengnu samþykki áðurnefndra stjórnarvalda, ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, er á vantar, þannig að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

II. KAFLI Um útsvarsskyldu.

4. gr.

Útsvarsskyldir eru:

A. Aðilar heimilisfastir á Íslandi:

I. Allir einstaklingar, karlar og konur, ungir og gamlir, í hverri stöðu sem eru, svo framarlega sem þeir teljast færir um að greiða útsvar.

Undanþegnir eru útsvari:

- a. Forseti Íslands.
- b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja hingað sendir og þjónustufólk þeirra, ef það er þegnar þess ríkis, sem það starfar fyrir.
- c. Sendiherrar og annað starfsfólk við sendiráðin og ræðismannaskrifstofur Íslands erlendis, sem er íslenskir ríkisborgarar og tekur laun úr ríkissjóði, þó heimilisfast sé á Íslandi, enda dveljist það erlendis meira en 9 mánuði af útsvarsárinu.
- d. Konur, sem giftar eru, þegar niðurjöfnun fer fram. Þó má leggja útsvar á gifta konu:
 1. Ef hún á séreign eða hjúskapareign, sem útsvarshæf þykir.
 2. Ef hún hefur atvinnu, aðra en eigin heimilisstörf.
 3. Ef hún hefur slitið samvistir við bónda sinn.

II. Félög. Þar til teljast:

1. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög. Þegar útsvar hefur verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eignar hans í félaginu og tekna né gagnkvæmt.
2. Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, enda láti félagið fylgja skattaframtali sínu glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Ella áætla niðurjöfnunarnefnd arð af skiptum þessum og byggir útsvarið á því.

Kæru yfir áætlun niðurjöfnunarnefndar samkvæmt þessum lið má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstakri eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á arð af þessum viðskiptum.

Undanþegin útsvari eru:

- a. Félög, sem leyst eru undan útsvarsskyldu með lögum, að því er snertir lögákveðin eða starfsviðsbundin verkefni þeirra.
- b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnsmálafélög, trúarbragðafélög o. s. frv.
- c. Félög, sem að visu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

III. Aðrar stofnanir og sjóðir.

Undanþegin útsvari eru:

1. Ríkissjóður og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, svo sem Ræktunarsjóður, Söfnunarsjóður, Þorkillisjóður o. fl.
2. Sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.
3. Sjóðir og stofnanir, sem samkvæmt skipulagsskrá sinni verja tekjum sínum beinlínis til almenningsheilla.
4. Stofnanir og sjóðir, sem undanþegin eru útsvari samkvæmt sérstökum lögum, að því er snertir lögákveðna starfsemi þeirra.

IV. Bú, er skiptameðferð sæta og tekjur, eignir eða rekstur hafa.

Útsvarsskylda félaga og dánarbúa hefst:

a. Félags, þegar það hefur verið tilkynnt til firmaskrár.

b. Dánarbús: Við fráfali einstaklings, sem hefur eftir sig látið útsvarshæfar eignir, tekjur eða rekstur.

Útsvarsskylda hvílir á einstaklingi allan starfstíma eða dvalartíma hans hér á landi, og er heimilt að leggja á hann gjaldársútsvar, þegar svo stendur á, að hann hverfur af landi burt og einhver hluti af starfstíma eða dvalartíma hans hefur fallið undan útsvarsálagningu.

Hætti félag störfum eða sé dánarbúi skipt á þeim tíma árs, að ekki verði útsvar á lagt fyrir útsvarsár, má leggja gjaldársútsvar á, svo enginn tími, sem félag hefur starfað eða dánarbú staðið óskipt, falli undan útsvarsskyldu. Eigendur félags og erfingjar dánarbús bera sameiginlega og gagnkvæma ábyrgð á greiðslu útsvars, sem lagt kann að verða á, eftir að félagi er slitið eða dánarbúi skipt.

B. Aðilar heimilisfastir erlendis:

1. Þeir, er verið hafa á gjaldárinu starfandi á skipi eða flugfari, skrásettu hér á landi eða gerðu út héðan, einn mánuð eða lengur eða hafa stundað hér atvinnu eða dvalizt hér ekki skemmri tíma á gjaldárinu. Nú hefur aðili ekki dvalizt hér svo lengi, og er hann þá samt sem áður útsvarsskyldur, ef hann hefur hér a. m. k. 3 þús. kr. tekjur.

2. Þeir, er reka hér atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem verzlun og hvers konar viðskipti, sjávarútveg, fiskverkun, iðnað, hafa hér laxveiði fyrir atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð eða lóð, eiga hér arðbærar eignir, þar með talin verðbréf, sem vextir eða arður er greiddur af hér á landi, o.s.frv.

3. Erlend tryggingarfélag.

Aðili, sem hefur dvalizt hér svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur, skal bera útsvar í hlutfalli við það, hve dvalartími hans er mikill hluti úr ári. Ef aðili stundar hér atvinnu, rekur hér atvinnu eða á hér eignir, þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hér á landi á gjaldárinu, eignir hans hér og tekjur af þeim.

Útsvör erlendra tryggingarfélaga skal miða við skattskyldar tekjur þeirra hér á landi á útsvarsárinu og iðgjöld þess árs af tryggingum, er þau hafa tekizt á hendur fyrir milligöngu umboðsmanna sinna hér.

III. KAFLI

Hvar leggja skal á gjaldþegn hvern og hvaða sveit fær útsvar hans.

5. gr.

Útsvar skal jafnan leggja á gjaldþegn þar, sem heimildir eru fyrir, að hann eigi lögheimili, er niðurjöfnun fer fram, eða hafi átt samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Nú leikur vafi á um lögheimili manns eða úrslit um það biða dómsúrskurðar, og skal þá leggja á aðila þar, sem hann dvelur, er niðurjöfnun fer fram. Kröfuréttur á útsvarsgreiðslu hans þar fellur þó niður, ef dómsúrskurður fellur eða fullnægjandi upplýsingar koma á annan hátt fram um, að hann eigi lögheimili annars staðar, enda sé þá lagt á hann útsvar í þeirri sveit. Ef óvissa er á um lögheimili manns, sem lögskráður er á skip eða flugfar, sem gert er út hér á landi, telst dvalarsveit hans í þessu sambandi þar, sem skipið eða flugfarið er gert út.

Það skal vera aðalregla, að í heimilissveit gjaldþegns sé útsvar lagt á allar eignir hans og tekjur á útsvarsárinu. Þó má leggja á hann í annarri sveit, enda sé þá ekki lagt á hann að því leyti í heimilissveit:

1. Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, utan heimilissveitar sinnar,

2. Ef hann hefur utan heimilissveitar sinnar ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af landi, þó ekki fylgi ábúðarréttindi að lögum, þar með talin laxveiði-, selveiði- og rekaréttindi. Enn fremur ef um fasteign, tekjur af fasteign eða hvort tveggja er að ræða.
3. Ef hann er erlendis búsettur, en rekur atvinnu hér á landi, stundar hér atvinnu eða dvelst hér á gjaldárinu, á einum stað eða fleirum, svo að útsvarsskyldur verði, sbr. 4. gr. B. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem hann á þar, og þær tekjur, sem þar er aflað, eða með tilliti til dvalartíma hans.
4. Ef hann rekur atvinnu utan heimilissveitar sinnar, enda þótt ekki sé um heimilisfasta atvinnustofnun að ræða, svo sem verzlun, iðnað, sildarverkun, sildarbræðslu eða sildarverzlun o. s. frv.
5. Ef viðleguskip stundar veiðar eða aðra atvinnu frá ákveðnum stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda í einn mánuð að samtöldu eða lengur á gjaldárinu.
6. Ef veiðiskip hefur það samband við ákveðinn stað utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda um tveggja mánaða skeið að samtöldu á gjaldárinu, að það býr sig þaðan á veiðar eða til söluferða, enda þótt afli þess sé hvergi lagður upp hér á landi, svo að útsvarsskyld verði samkv. næsta tölulið hér á undan.
7. Ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar og fær meira í kaup í atvinnusveit á því ári, sem útsvar miðast við, en 4000 krónur. Sama máli gegnir um þann, sem lögskráður er á skip eða flugfar og fær meira í kaup um skráningartímann en 6000 krónur. Til kaupgjalds í þessu sambandi reiknast fæði og önnur hlunnindi, er aðili kann að fá, verðlagt eins og yfirskattanefnd í umdæmi atvinnusveitar metur það til skattframtals.
Heimilt er hvorri um sig, atvinnusveit og heimilissveit, að leggja heildartekjur aðila á árinu til grundvallar útsvarsútreikningi á hann og leggja á þær eftir gjaldstiga sínum, en aldrei skal gjaldkræft til atvinnusveitar meira en $\frac{1}{3}$ hlutar þess útsvars, sem samkvæmt þessu kemur hlutfallslega á tekjur gjaldþegns í atvinnusveit. Heimilissveit er skylt að taka fullt tillit til atvinnusveitarútsvars, svo tryggt sé, að þar falli ekki útsvar á þann hluta tekna hans, sem ber uppi gjaldkræft útsvar í atvinnusveit.
8. Ef stjórn fyrirtækis eða félags, sem atvinnu rekur, er búsett í annarri sveit en fyrirtækið hefur atvinnustöðvar sínar í og reikningshald félagsins, meira en endurskoðun, fer fram þar, sem stjórnin er búsett, þá er heimilt að leggja þar á allt að 10% af útsvarsbærum tekjum fyrirtækisins á útsvarsárinu. Geymi fyrirtækið birgðir og hafi afgreiðslu eða útsölu annars staðar en atvinnustöðvar þess og framleiðsla eru, skal heimilt að leggja þar á allt að 25% af útsvarsbærum tekjum þess á útsvarsárinu. Miðast hámark þeirrar hlutdeildar við, að mestöll söluafgreiðsla félagsins fari þar fram. Heildartekjur gjaldþegns má leggja til grundvallar stighækkun á útsvari hans samkv. þessum lið.

6. gr.

Útsvör samkvæmt 4.—6. lið 5. gr. má ekki, nema sérstakt leyfi ráðherra komi til, nema meiru en $\frac{1}{2}$ % af söluverði framleiðslu, áætluðu, ef svo ber undir, og 1% af útsöluverði seldrar vöru þar á staðnum. Nái söluverðsupphæð gjaldþegns á því ári, sem útsvar miðast við, ekki 3 þús. krónum, fellur réttur atvinnusveitar til þeirrar útsvarsálagningar niður.

Útsvör samkv. 4.—7. lið 5. gr. má atvinnusveit leggja á með aukaniðurjöfnun á því ári, sem atvinna fer fram, enda hefur hún rétt til þá þegar að krefjast af gjaldþegnum og atvinnurekendum þeirra allra upplýsinga, sem til þess þarf og þeir geta í té látið. Eigi fellur þó álagningarréttur samkvæmt þessum töluliðum niður til næstu aðalniðurjöfnunar.

Skyllt er niðurjöfnunarnefnd, sem leggur á útsvör samkv. nefndum töluliðum 5. gr., að senda hlutaðeigandi heimilissveit strax og niðurjöfnun hefur farið fram,

skrá yfir nöfn gjaldenda, upphæðir útsvara þeirra, tekjumagn, sem á hefur verið lagt, og vöruumsetningu, sem miðað hefur verið við.

Skylt er heimilissveit að taka hæfilegt tillit til útsvarsupphæðar, sem miðast við hundraðsgjald af umsetningu, sbr. 4.—6. lið 5. gr.

7. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal þá skipta því útsvari, sem á hann er lagt næst eftir flutninginn, milli þeirra sveita, sem hann hefur átt heima í, að tiltölu við þann tíma af útsvarsárinu, sem hann hefur átt heima í hvorri um sig. Þó fær sveit eigi hluta af slíku skiptaútsvari, ef heimilisfesta aðila þar hefur eigi staðið fulla 2 mánuði á því ári.

Heimilissveit gjaldþegns, þeirri er leggur útsvar á samkvæmt þessari grein, er skylt að innheimta útsvarið allt, en eigi ber hún ábyrgð á greiðslu fulls útsvarshluta samkvæmt skiptingarúrskurði, ef það sannast með árangurslausri lögtaksgerð, að útsvarið eða einhver hluti þess fáist ekki greitt.

Ef útsvarþungi í þeirri sveit, sem úr er flutt, reynist hærri, svo að nemi 10% eða meira en í hinni, ber þeirri síðarnefndu að innheimta hjá gjaldþegni viðauka við útsvarshlutann, eftir því sem mismunurinn segir til, og standa brottflutningssveitinni skil á honum, að því tilskildu, að innheimta beri árangur, sbr. það, sem sagt var áður um sjálft útsvarið. Reynist útsvarþungi lægri, svo að jafnmiklu nemi, í þeirri sveit, sem úr er flutt, ber heimilissveitinni að endurgreiða gjaldþegni tilvarandi hluta af þeirri útsvarshlutedeild, sem brottflutningssveitinni taldist.

Sveit, sem leggur útsvar á innflytjanda úr annarri sveit, á rétt á 10% af innheimtu útsvari sem þóknun fyrir starf sitt og innheimtuna, en 90% af útsvarsupphæðinni greiðist heimilissveit eða skiptist samkvæmt ákvæðum laga þessara.

8. gr.

Sú sveit, sem telur sig eiga kröfu til útsvarshluta frá annarri sveit samkv. 7. gr., sendi um það tilkynningu til viðkomandi sveitar fyrir 1. febrúar það ár, sem útsvar kemur til skiptingar. Heimilt er þó að taka slíka tilkynningu til greina, ef hún kemur niðurjöfnunarnefnd í hendur, áður en niðurjöfnun skal vera lokið á því ári. Tilkynningunni skulu fylgja greinilegar upplýsingar um niðurjöfnunarsreglur þeirrar sveitar, svo að séð verði, hve mikið útsvar mundi falla á gjaldþegn samkvæmt þeim. Tilkynninguna ásamt nefndum fylgiskjólum svo og upplýsingum um álagt útsvar á gjaldþegn og öðrum gögnum, sem málið varða, sendir heimilissveitin til yfirséðanefndar þess umdæmis, sem hún er í. Kveður yfirséðanefnd á um skiptingu útsvarsins og um breytingu á útsvarshluta til greiðslu, en skjóta má úrskurði hennar til ríkisskattanefndar, sem fellir endanlegan úrskurð.

Greiðsla útsvarshluta til annarrar sveitar skal innt af höndum innan mánaðar frá því úrskurður yfirséðanefndar hefur komið hlutaðeigandi sveitarstjórn í hendur.

IV. KAFLI

Um niðurjöfnunarnefndir og störf þeirra.

9. gr.

Utan kaupstaða jafnar hreppsnefnd niður útsvörum. Þar, sem hreppsnefnd er skipuð 5 mönnum eða fleirum, er henni heimilt að kjósa úr sínum hópi eigi færri en þrjá menn hlutbundinni kosningu, ef einhver nefndarmanna krefst þess, til að framkvæma niðurjöfnunarstarfið, samkvæmt þeim fyrirætlum, er hún kann að setja, og á hennar ábyrgð.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf, þó ekki yfir 10 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Greiðist hún úr sveitarsjóði.

10. gr.

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er bæjarstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórnar. Skylt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri, fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvirkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

11. gr.

Áður en niðurjöfnun hefst, ber formanni viðkomandi skattanefndar (skattstjóra) að afhenda niðurjöfnunarnefnd framtöl gjaldþegna til tekjuskatts og eignarskatts í þeirri sveit, ásamt afriti af síðustu skattskrá, til afnota við niðurjöfnunina.

Alla þá, sem veita öðrum atvinnu, getur nefndin krafist skýrslna um kaup vinnuþega, svo og banka, sparisjóði og aðrar stofnanir, sem vitað er um, að varðveiti fé fyrir menn, um inneignir á viðkomandi stöðum, svo og um vexti af þeim á útsvarsárinu. Stjórnarvöldum er skytt að veita niðurjöfnunarnefndum upplýsingar, eftir því sem þörf er til og föng eru á. Nú er skýrslu samkvæmt þessari málsgrein haldið fyrir nefndinni, og skal þá ráðherra, ef nefndin krefst þess, leggja fyrir aðila, að viðlögðum dagsektum, að gefa skýrsluna, ef ráðherra telur hana geta það og vera það skytt. Þessi atriði verða ekki borin undir dómstóla.

Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.

12. gr.

Ef gjaldþegn hefur ekki talið fram eignir sínar og tekjur til skatts og veitir niðurjöfnunarnefnd ekki heldur nægilegar upplýsingar um hagi sína, þá skal hún áætla honum tekjur og eignir svo riflega, að fullvist megi telja, að hann vinni ekki á því að halda upplýsingum fyrir nefndinni. Nú telur niðurjöfnunarnefnd, að framtal gjaldþegns eða upplýsingar til nefndarinnar séu ófullnægjandi, tortryggilegar eða jafnvel sýnilega rangar í einhverjum atriðum, og skal hún þá áætla honum eignir og tekjur eftir beztu vitund.

Ef þeir, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, láta eigi greinilega færða rekstrar- og efnahagsreikninga fylgja framtölum sínum og leggja þá eigi heldur fram við niðurjöfnunarnefnd, að framkominni kröfu um það — enda valdi því eigi veikindi eða önnur forföll, sem gild eru tekin, — missa þeir rétt til kæru yfir því útsvari, sem á þá er lagt að því sinni. Þá hefur og nefndin rétt til að krefja hvern þann, sem sjálfstæða atvinnu rekur, um nákvæm reikningsskil viðvikjandi rekstri hans.

Nú fellir meiri hluti niðurjöfnunarnefndar fram komna tillögu í nefndinni um að krefjast skýrslu af einstökum gjaldþegni eða um hann, og getur þá minni hluti nefndarinnar leitað heimildar yfirskattanefndar í því umdæmi til að krefjast skýrslunnar, enda færi hann fram greinilegar ástæður fyrir heimildarbeiðninni.

13. gr.

Útsvör skal leggja á eftir efnunum og ástæðum, nema öðruvísi sé sérstaklega tiltekið í lögum. Skal þá til greina taka:

1. Þegar álagning er miðuð við útsvarsár, eignir gjaldþegns á því ári, hverjar þær eru og hversu verðmætar og hve miklar skuldir á þeim hvíla. Í öðru lagi tekjur gjaldþegns á því ári, í hverju þær eru fólgnar og hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.
2. Þegar um gjaldársútsvar er að ræða, þær tekjur, sem gjaldþegn hefur aflað sér á því ári, enda verði hvergi á þær lagt hér á landi á næsta ári.
3. Ástæður gjaldþegns að öðru leyti: Vanheilsu hans eða fjölskyldu hans, óhöpp eða tjón, sem bargað hafa afkomu gjaldþegns meira en tekjurýrnun og eignaskerðing sýna, sérstakan menningarkostnað skattþegns, barna, kjörbarna eða fósturbarna hans. Á hinn bóginn höpp og hagsmuni, sem ekki er skylt að telja fram til skatts (svo sem vegna eignahreyfinga), uppgripatekjur og batnandi atvinnurekstraraðstöðu. Skal yfirleitt allur hagur skattþegns vandlega skoðaður, áður en ákvörðun er tekin um útsvar hans.
4. Rekstur gjaldþegns. Fer það eftir mati niðurfjöfnunarnefndar hverju sinni, hve mikið skal lagt á reksturinn, en þess skal jafnan gætt, að innbyrðis samræming sé í álagningunni.

14. gr.

Sýslunefndum ber að vinna að samræmingu á reglum og aðferðum við álagningu útsvara, hverri í sínu umdæmi. Nú kemur fram í sýslunefnd fylgi við þá hugmynd að setja sýslusamþykkt um meginreglur fyrir álagningu útsvara, og skal þá sýslunefnd, í samvinnu við yfirskattanefnd héraðsins, gera frumvarp að slíkri samþykkt, er síðan sé sent öllum hreppsnefndum í umdæminu til umsagnar. Fallist hreppsnefndir í fullum helmingi allra hreppanna á, að samþykkt sé gerð um þau aðalatriði, sem í frumvarpinu felast, tekur sýslunefndin það fyrir á ný, ásamt breytingartillögum, sem fram kynnu að hafa komið við það. Hljóti frumvarpið í heild atkvæði $\frac{2}{3}$ hluta mættra sýslunefndarmanna, telst það samþykkt, en tekur þá fyrst gildi, er það hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

Fallið frumvarp má eigi taka upp til sömu meðferðar fyrr en að ári liðnu.

Í samþykkt má tiltaka:

1. Um hlutfall milli álagningar á tekjur og eignir.
2. Um stighækkun álagningar á sömu gjaldstofna.
3. Um frádrátt fyrir ómögum og öðrum framfæringum gjaldþegna.
4. Um hámark álagningar að hundraðshlutfalli á tekjur og eignir og hversu með skuli fara, ef það fullnægir eigi þörfum.
5. Um beitingu álagningar á aðra sérstaka álögustofna, ef til þarf að taka.
6. Um heimild til uppfærslu á mati tiltekinna eignaliða, að því er til álagningar tekur, til samræmis við verðlag í landinu.
7. Um sérákvæði fyrir hreppa, þar sem verulega fleiri verkefni til fullnægingar almennum þörfum falla undir sveitarsjóðsrekstur en í öðrum, enda sé útsvarspungi þar meiri að tiltölu við tekjur og eignir.
8. Um aðferð við útreikning útsvara.

Í ákvæðum undir tölulíð 1—3 sé veitt hæfilegt svigrúm til mismunar eftir ástæðum í hreppum um breytilega álagningarþörf, í hlutfalli við tekjur og eignir.

Félagsmálaráðuneytið gefur út nánari fyrirmæli um setningu slíkra samþykktu og veitir að öðru leyti þær leiðbeiningar og upplýsingar þeim viðvikjandi, sem fong eru á.

15. gr.

Nefndin gerir skrá yfir alla þá, er hún leggur útsvör á, í stafrófsröð eða eftir boðleið, og útsvarsupphæð fyrir aftan hvert nafn, enda skal nefndin undirrita skrána, þá er henni er lokið,

16. gr.

Niðurjöfnunarnefnd er ályktunarfær, ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skylt er öllum nefndarmönnum að greiða atkvæði, nema mál varði sjálfa þá, maka þeirra, frændur þeirra að feðgatali eða niðja eða systkin og jafnnána að mægðum. Afl atkvæða ræður úrslitum. Nú eru atkvæði jöfn, og skal þá sá hlutinn ráða, sem formaður fylgir.

17. gr.

Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar—maí, að báðum mánuðunum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Þó getur ráðherra heimilað sveitarstjórn, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Útsvarsskrá skal liggja frammi á þingstað hrepps eða öðrum hentugum stað í hreppnum, en í kaupstöðum í skrifstofu bæjargjaldkera eða öðrum hentugum stað, 4 vikur í hreppum, en 2 vikur í kaupstöðum, enda skal auglýsa framlagning skrár í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

18. gr.

Rétt er gjaldþegni að finna að útsvari sínu eða að því, ef honum hefur verið sleppt af skrá, eða að útsvör annarra gjaldþegna séu of lág, samanborið við hans, eða að öðrum gjaldþegnum hafi verið sleppt af skrá. Kærum skulu bréflugar vera, stilaðar til niðurjöfnunarnefndar og koma í hendur formanns hennar áður liðinu er sá úmi, er niðurjöfnunarskrá á að liggja frammi. Skal nefndin úrskurða kærum svo fljótt sem unnt er og ekki síðar en 14 dögum eftir kærufrest. Nefnd er heimilt að breyta útsvörum bæði til hækkunar og lækkunar, enda hafi aðila verið send tilkynning um það, að annar gjaldþegn hafi borið sig saman við hann, eða að nefndin hafi í hyggju að hækka útsvar hans, enda þótt enginn gjaldþegn hafi borið sig saman við hann. Enn fremur er heimilt að hækka útsvar kæranda, enda þótt hann hafi kært það til lækkunar.

Nefndin skal jafnan, svo fljótt sem þess er kostur, senda aðila tilkynningu, ef hún tekur hann á skrá samkvæmt kæru eða breytir útsvari gjaldþegns, eða ef kæru er ekki sinnt.

Ef útsvari gjaldþegns er breytt samkvæmt þessari grein, er honum heimilt að kæra það fyrir yfirskattanefnd, enda þótt hann hafi ekki kært til niðurjöfnunarnefndar.

19. gr.

Nú vill gjaldþegn ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og er honum þá rétt að áfrýja honum með kæru til viðkomandi yfirskattanefndar, enda sé slík kæra komin formanni yfirskattanefndar í hendur áður liðnar séu 4 vikur frá dagsetningu úrskurðar í hreppum eða 2 vikur í kaupstöðum. Nú berst yfirskattanefnd kæra á tilsettum tíma, og er formanni hennar þá — eða ekki síðar en kærufrestur er með vissu útrunninn — skylt að senda viðkomandi niðurjöfnunarnefnd tilkynningu um, frá hverjum kæra hefur borizt eða kærum, ef fleiri eru, svo að hún geti haft aðstöðu til að færa vörn í máli sínu, ef hún telur þurfa. Skylt er henni hins vegar að senda yfirskattanefnd innan tiltekins frests upplýsingar um niðurjöfnunarskrá sínar, einnig um útsvarsupphæðir kæranda og samanburðarmanna hans, og þær undirstöður, sem þau útsvör eru lögð á, svo og þær upplýsingar aðrar, sem yfirskattanefnd kann að krefjast og málið varða. Þá hefur og yfirskattanefnd sama rétt og 11.—12. gr. veita niðurjöfnunarnefndum til að krefjast skýrslna um hagi kæranda og samanburðarmanna hans, eftir því sem hún telur þurfa.

Yfirskattanefnd úrskurðar kæru innan mánaðar, frá því að kærufresti til hennar er lokið, nema draga verði úrskurð af því, að afla þurfi frekari upplýsinga.

Fyrir störf samkv. lögum þessum reiknast yfirskattanefnd kaup eftir sama taxta og gildir fyrir störf hennar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Greiðist það úr sýslusjóði eða bæjarsjóði. Ef ágreiningur ris um kaupgreiðslur yfirskattanevndar, sker ráðherra úr.

20. gr.

Sá gjaldþegn eða sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanevndar, getur næstu 2 mánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanevndar. Ríkisskattanevnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanevnd hefur sama rétt til þess að krefjast upplýsinga og yfirskattanevnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanevndar hefur gengið um og síðan hefur verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanevndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

21. gr.

Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sinnt. Ekki má yfirskattanevnd eða ríkisskattanevnd heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minnsta kosti 10% of hátt eða of lágt.

22. gr.

Aukaniðurjöfnun má framkvæma samkv. ákvörðun sveitarstjórnar eða niðurjöfnunarnevndar í umboði hennar, þegar þörf krefur. Þá skal leggja útsvör á þá gjaldþegna:

1. er teknir skyldu hafa verið á aðalskrá, en hefur verið sleppt;
2. er að vísu voru teknir á aðalskrá, en síðan hefur orðið víst um, að framtöl þeirra til skatts eða aðrar upplýsingar um hagi þeirra væru að verulegu leyti ófullnægjandi;
3. sem útsvarsskyldir eru vegna aðgerða og aðstæðna á gjaldárinu. Tekur þetta til þeirra gjaldþegna, sem flytjast af landi burt, búa, sem lokið er skiptum í, og félagar, sem uppleyst eru, sbr. 4. gr. IV;
4. sem útsvarsskyldir hafa orðið eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og leggja skal á gjaldársútsvar samkv. 4. gr. A. og B. eða samkv. 5. gr. 5.—7. tölulið.

Skrá skal gera um aukaniðurjöfnun með sama hætti og aðalskrá. Um framlagningu skrár, kæru og úrskurði fer eftir sömu reglum og um aðalniðurjöfnun.

V. KAFLI

Um gjalddaga útsvara, ábyrgð á þeim, innheimtu o. fl.

23. gr.

Gjalddagar útsvara eftir niðurjöfnun skulu vera tveir, hinn fyrri næsta virkan dag eftir að útsvarsskrá hefur verið lögð fram almenningi til sýnis, hinn síðari 1. september í kaupstöðum, en 15. október í hreppum. Fellur helmingur útsvarsupphæðar til greiðslu hvorn þessara gjalddaga. Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losað undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum. Nú er heimilað að jafna síðar niður en 15. júlí, sbr. 17. gr., og ákveður þá hreppsnefnd gjalddaga.

Eindagi útsvara eftir aukaniðurjöfnun fer eftir ákvörðun niðurjöfnunarnevndar, en má þó ekki síðar vera en 1. október, ef útsvar var lagt á fyrir þann dag, en ella ekki síðar en 31. desember.

Eindagi á öllu útsvari erlendis búsettra gjaldþegna (4. gr. B. 1—3) skal ávallt vera sá dagur, er útsvarsálagningu á þá er hverju sinni lokið.

24. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða aðra gjalddaga á útsvörum en 23. gr. segir, eftir þessum reglum:

- a. Með fjórum jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi samtals allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. febr. ár hvert og auglýsa þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið. Niðurjöfnunarnefnd ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.

- b. Álagt útsvar við aðalniðurjöfnun að frádregnu því, sem greitt hefur verið samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með þremur eða fjórum jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóvember, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Heimilt er sveitarstjórn þó að leyfa kaupgreiðendum að greiða þann hluta útsvars fastra starfsmanna sinna með sex jöfnum greiðslum, þannig að gjalddagar verði einnig 2. janúar og 1. febrúar næsta ár eftir gjaldárið.

Allar greiðslur samkv. þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Falli greiðslur undan samkv. a-lið hér að ofan, er fyrirframgreiðslan öll fallin í gjalddaga og lög-takskræf 15 dögum eftir greiðslufall. Eftir að niðurjöfnunarskrá hefur verið lögð fram eru eftirstöðvar útsvars og fyrirframgreiðsla, ef ógoldin er, allar fallnar í gjalddaga 15 dögum eftir að greiðslufall hefur í eitt skipti orðið á útsvarshluta.

25. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkv. 23. og 24. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samrit af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.
- c. Orðið „kaup“ tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.

- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupi kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúkningar greiðslum samkv. e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en $\frac{1}{3}$ af því kaupi, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella $\frac{1}{3}$. Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans að dómi framfærslunefndar.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslur, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupi.
- Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri, svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendunum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfur um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupi eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
- Kaupgreiðanda er skylt að tilkynna sveitarstjórn jafnskjótt og utansveitarmaður ræðst til vinnu hjá honum. Skal þar fram tekið fullt nafn mannsins, heimilisfang hans í dvalarsveit, lögheimili, fæðingardagur og ár.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupi samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupi útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt er að draga af kaupi samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupi daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan sex virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.
- j. Nú hættir útsvarsgreiðandi að taka kaup hjá kaupgreiðandanum, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafin útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
- k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldanda.
- l. Ef kaupgreiðandi
1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafaðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
 2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt er samkv. þessari grein,
 3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem fyrir er mælt í i-lið,
 4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein.
- Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum, eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.
- m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkv. þessari

grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.

n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

26. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 25. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupi gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-lið, þó ekki með almennri auglýsingu.

27. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

28. gr.

Umboðsmaður erlends tryggingarfélags ber ábyrgð á útsvari þess, eins og það væri sjálfs hans útsvar.

Kaupgreiðandi þeirra, er gjaldársútsvar leggst á, sbr. 4. gr. B. 1. og 5. gr. stafl. 7, ábyrgist sem sína eigin útsvarsskuld útsvar slíkra gjaldþegna, án tillits til þess, hvernig kaupgjaldi og kaupgreiðslum er varið. Til þess að standast þá ábyrgð er kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af vinnulaunum kaupþegns:

a. ef grunnlaun eru undir 500 kr. á mánuði	10%
b. — — — 500—800 — — —	15—
c. — — — yfir 800 — — —	20—

Ef kaupgreiðandi manns, sem um útsvarsskyldu gæti fallið undir ákvæði 5. gr. stafl. 7, færir niðurjöfnunarnefnd gögn, er hún tekur gild, fyrir því, að dvöl gjaldþegns og kaupgjald í atvinnusveit á því ári geti ekki varðað útsvarsskyldu þar, getur hún fyrirfram leyst báða aðila undan fyrirmælum þessarar greinar.

Nú er dvöl manns í atvinnusveit lokið, og getur þá hvort heldur hann eða kaupgreiðandi hans krafizt úrskurðar niðurjöfnunarnefndar þá þegar um, hvort aðili hafi orðið þar útsvarsskyldur vegna dvalar sinnar, enda séu lögð fram gögn, er báðir staðfesta, fyrir dvalartíma og kaupgjaldsupphæð. Falli útsvarsskylda á, eiga þessir aðilar kröfu á að fá tilkynningu um útsvarsupphæð gjaldþegns innan 10 daga frá því úrskurðar var beiðzt, ella falli kröfuréttur á útsvarsgreiðslu hans þar niður.

Eignir erlendis búsetts atvinnurekanda, þær er hann á hér á landi, skulu vera að lögveði til tryggingar útsvari, sem lagt er á hann hér á landi, næst á eftir sköttum, er á þeim kunna að hvíla til ríkissjóðs Íslands, enda má kyrrsetja þær til tryggingar útsvarsgreiðslum, án þess að beiðandi þurfi að setja tryggingu, og halda kyrrsetningarmáli til laga fyrir bæjarþingi eða aukarétti þar, sem kyrrsetning fór fram.

29. gr.

Ef útsvar er ekki greitt áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvöxtu af því, sem ógreitt er, 1% fyrir tvo fyrstu mánuðina og 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz skuldin er að fullu greidd.

30. gr.

Útsvör og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

31. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er hærri en 110, miðað við töluna 100 í jan.—marz 1939, skulu allar fjárhæðir í lögum þessum, sem tiltekna eru í krónum, hækkaðar, áður en þær eru lagðar til grundvallar útsvarsákvörðun, svo sem meðalvísitala á útsvarsárinu segir til, þegar um útsvarsársútsvör er að ræða. Þegar um gjaldársútsvör ræðir, skal hækkunin miðuð við meðalvísitölu þess tímabils, sem útsvarstofninn hefur skapazt á.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör.
2. Lög nr. 96 frá 9. des. 1946, um skatt- og útsvarsgreiðslu útlendinga, að því er tekur til ákvæða um útsvör.
3. Lög nr. 59 24. maí 1947, um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi eru ákvæði 3. gr. laga nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, skal við ákvörðun útsvarsskyldra tekna draga frá hreinum tekjum þess, sem hlunninda nýtur vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. 2. efnismálsgr. 3. gr. nefndra laga, þá fjárhæð, sem gjaldþegn hefur lagt í sjóðinn á útsvarsárinu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði í októbermánuði 1946, til þess að taka til endurskoðunar lög um útsvör, nr. 106/1936, og athuga þær tillögur, sem uppi höfðu verið þá um skeið til breytinga á útsvarslögum, en jafnan verið frestað vegna væntanlegrar heildarendurskoðunar útsvarslaganna.

Einn helzti ásteytingarsteinn núgildandi útsvarslaga er skipting útsvaranna, og var því sérstaklega lagt fyrir nefndina að reyna að finna lausn á því máli.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi. Fylgdi því þá greinargerð nefndarinnar, og er vísað til hennar.

Ráðuneytið hefur breytt b- og c-lið 4. gr. frumvarpsins samkvæmt ábendingu utanríkisráðuneytisins, en að öðru leyti er það óbreytt eins og það kom frá nefndinni.

Ráðuneytið sendi fulltrúaráðsfundi Sambands isl. sveitarfélaga, sem haldinn var í desember 1947, frumvarpið til umsagnar, og bærust frá stjórn sambandsins athugasemdir þær, er getur í meðfylgjandi fylgiskjali.

Fylgiskjal.

Fulltrúaráðsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga telur, að fyrirbyggjandi frumvarp til laga um útsvör sé til bóta frá gildandi útsvarslögum, og mælir með því, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr, og nái fram að ganga.

Fundurinn telur þó, að gera þurfi á frumvarpinu nokkrar breytingar, og vill meðal annars benda á þessar:

1. Ákvæði frumvarpsins um útsvar atvinnusveitar á viðleguskip, eða útgerðir, sem að nokkru leyti hafa rekstur sinn utan heimilissveitar, falli niður. Þannig: Niður falli 5. og 6. liður 5. gr. frumvarpsins og tilsvarendi ákvæði 6. greinar.
2. Að ákvæði frumvarpsins um heimild atvinnusveitar til útsvarsálagningar á einstaklinga, sem eiga heimili utan atvinnusveitar, falli niður og verði gengið út frá, að heimilissveit ein leggi útsvar á og renni það allt til hennar.

Til vara bendir fundurinn á, að hækkað verði tekjuhámark 7. liðs 5. gr. úr 4000 kr. í 6000 kr., og leggi þó heimilissveit á, en skipti fari fram á milli atvinnusveitar og heimilissveitar á svipaðan hátt og nú er, og þá horfið frá hugmyndinni um gjaldársútsvar til atvinnusveitar.

3. Fundurinn telur ákvæði 2. og 4. liðs 5. gr. mjög vafasöm og óljós.
4. 20. gr. sé breytt þannig, að tvímælaust sé tryggður réttur sveitarstjórna til þess að reka mál sín fyrir ríkisskattanevnd. Skal tilkynna sveitarstjórn um kærur, er hana varðar, og henni gefinn kostur á að leggja fram gögn sín, svo að vel komi fram sjónarmið sveitarstjórna um álagningar.